

Tímabundin opnun séreignarsparnaðar:

Á ég að taka út inneignina mína?

Eftir Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóra
Almenna lífeyrissjóðsins.

Vegna tímabundinnar opunar á séreignarsparnaði hafa margir haft samband spurt hvort þeir eigi að taka út séreignarsparnaðinn sinn. Við mælum ekki með því en það getur borgað sig fyrir þá sem eru í fjárhagsvandræðum. Fyrir neðan eru spurningar og svör um málið.

Á ég að taka út séreignarsparnaðinn minn?

Það getur borgað sig fyrir þá sem eru í fjárhagsvandræðum.

- Ef fólk hefur litlar eða engar tekjur getur úttektin vissulega hjálpað.
- Ef fólk er með óhagstæðar skuldir, t.d. yfirdrátt, þá getur verið skynsamlegt að taka inneignina út og minnka skuldir og vaxtabyrði.
- Einstaklingar sem eru í verulegum fjárhagsvandræðum verða þó að gæta sín og alls ekki taka út séreignarsparnaðinn ef gjaldþroti verður ekki forðað. Séreignarsparnaður er lögvarinn en það þýðir að ekki er hægt að ganga að honum við gjaldþrot.

Svar okkar er nei fyrir þá sem eru ekki í fjárhagsvandræðum. Það er staðreynd að við hættum öll að vinna fyrr eða síðar og þurfum að lifa á eftirlaunum. Fjárhæð eftirlaunanna ræðst að mestu af því hversu dugleg við erum að spara á starfsævinni. Eftirlaunaárin eru oft mjög langur tími og yfirleitt um fjórðungur af fullorðinsárunum. Hjá þeim sem lifa lengur er þetta tímabil stundum þriðjungur fullorðinsáranna. Ef heilsan er góð er sorglegt að geta ekki haldið óbreyttu lífsmynstri eftir að vinnu lýkur vegna lágra eftirlauna.

Til hvers er viðbótarlífeyrissparnaður (séreignarsparnaður)?

Tilgangurinn með viðbótarlífeyrissparnaði er að byggja upp sjóð til að bæta við eftirlaunin þegar við hættum að vinna. Það skiptir máli því ellilífeyrir lífeyrissjóða, sem er oftast stærsti hluti tekna í starfslok, er nálægt 40-50% af lokalaunum. Það þýðir að tekjur lækka um 50%-60% ef ekki til annar sparnaður til að bæta við eftirlaunin. Það munar um séreignarsparnaðinn.

- Sá sem leggur fyrir 2% af launum í 30 ár í séreignarsparnað og fær önnur 2% í mótframlag eignast sjóð sem getur bætt við 25% af launum í 10 ár.
- Séreignarsparnaðinn má líka nota ef einstaklingar þurfa eða vilja hætta að vinna fyrir 67 ára aldur, t.d. ef einhver vill hætta að vinna 60 ára.
- Séreignarsparnaður er einnig varasjóður við starfsorkumissi vegna örorku eða veikinda og einnig við gjaldþrot (enginn aðgangur að sparnaðinum við gjaldþrot).

Ávöxtun séreignarsparnaðar hefur verið lág undanfarið, borgar sig nokkuð að halda áfram og er ekki skynsamlegt að leysa sparnaðinn út af þeim ástæðum?

Margir hafa valið ávöxtunarleiðir sem hafa sýnt lága ávöxtun undanfarið. Það er ekkert óeðlilegt við það að verðbréfasöfn sveiflist í ávöxtun. Undanfarið hafa markaðsaðstæður verið mjög óhagstæðar en sagan segir að markaðir munu jafna sig og þá hækkar ávöxtunin. Ef fólk hefur mjög miklar áhyggjur af ávöxtuninni er alltaf hægt að velja aðrar ávöxtunarleiðir.

Hvaða áhrif hefur opnun séreignarsparnaðar á inneignir annarra sjóðfélaga?

Opnunin á ekki að hafa nein áhrif til langs tíma. Til skamms tíma getur ávöxtun lækkað ef séreignarsjóðir þurfa að selja verðbréf, t.d. ríkisskuldabréf, til að greiða út inneignir. Fjárfestingar sjóðanna hafa tekið tillit til þess að inneign er bundinn til 60 ára og því er hluti af eignum í verðbréfum sem ekki er hægt að selja.

Ef margir nýta sér úttektarheimildina getur það leitt til þess að eignahlutföll breytast ef sjóðir þurfa að selja mikið af auðseljanlegum bréfum. Í lögunum, sem heimila tíma-bundna opnun séreignarsparnaðarins, er heimild fyrir lífeyrissjóði til að takmarka útgreiðslur til að koma í veg fyrir að eignahlutföllin breytist. Ef mjög margir munu taka út inneign sína eru sjóðirnir tilneyddir til að beita þessu ákvæði til að tryggja jafnræði meðal sjóðfélaga.